

Nd.

104. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 97 22. des. 1965, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Næst á eftir orðinu „verkalýðsfélaga“ í 3. málsi. 1. málsgr. 3. gr. laganna komi orðin: þar með taldir iðnnemar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við kjarasamninga sumarið 1964 tryggðu verkalýðssamtökin sér m. a. loforð ríkisvaldsins um, að sú breyting yrði gerð á lögum um húsnæðismálastjórn, að tekjulitlum meðlimum verkalýðsfélaga yrði gefinn kostur á viðbótarlánnum við hin venjulegu lán úr byggingarsjóði ríkisins.

Lagabreyting í þessa átt var samþ. á Alþingi hinn 10. maí 1965, þar sem heimilað er „að veita hærra lán til efnalitilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins,“ eins og í nágildandi lögum segir.

Með reglugerð eru sett nánari ákvæði um viðbótarlán þessi, og í framkvæmd hafa réttindin til lánanna verið einskorðuð við félagsmenn verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands. Ákvæði laganna um viðbótarlán hafa því ekki náð til iðnnema, og er með frumvarpi þessu gerð tillaga um, að sú breyting verði gerð á lögnum, að heimild til viðbótarlána taki einnig til þeirra, en iðnnemar eru lægra launaðir en félagsmenn annarra verkalýðsfélaga og sanngjarnt er, að þeir njóti eigi minni réttar um viðbótarlán til húsbýgginga.

Samkvæmt nágildandi ákvæðum eiga iðnnemar ekki kost á að njóta þess réttar, sem lögin heimila meðlimum verkalýðsfélaga, fyrr en þeir hafa lokið iðnnámi og eru orðnir félagsmenn í einhverju stéttarfélagi iðnsveina. Reynslan er hins vegar sú, að þegar að því kemur hafa fjölmargir hinna nýju iðnsveina misst af þessum rétti vegna þess, að á námsárunum hafa þeir orðið að hasla í því að eignast íbúð en viðbótarlánin eru ekki veitt, eftir að íbúðin hefur verið tekin í notkun.

Iðnnemar, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá og þurfa að leggja mjög hart að sér til að leysa húsnæðisvandamál sín, njóta því ekki viðbótarlánanna, þegar þeir þurfa flestum fremur á þeim að halda, og geta síðan að loknu námi ekki notið þess réttar, sem iðnsveinar almennt fá, vegna þess að viðbótarlánin eru ekki veitt út á aðrar íbúðir en þær, sem eru í byggingu.

Iðnnemasamband Íslands samþykkti ályktun um mál þetta á þingi sínu hinn 28.—30. okt. s. l., þar sem gerð er krafa um, að iðnnemar fái aðild að viðbótarlánnum, hjá byggingarsjóði ríkisins, og á þingi ASÍ fyrir skemmstu var samþykkt ályktun til stuðnings við iðnnema í þessu máli.

Þótt ýmsir aðrir vankantar, sem lagfæra þyrfti, séu á lögnum um húsnæðismálastjórn, eru í frumvarpi þessu ekki gerðar tillögur um aðrar breytingar en þær, að iðnnemar fái að njóta þeirra viðbótarlána, sem nú eru einskorðuð við félagsmenn í verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands.

Tillaga er gerð um þessa einu breytingu í trausti þess, að hvað sem líður ágreiningi um önnur ákvæði laga um húsnæðismálastjórn, þá sé fyrir hendi skilningur á á þessu réttlætismáli iðnnema og samstaða um þessa leiðréttingu á lögnum.